# Ársskýrsla GA 2025

GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR

GA

1935

# STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRIÐ 2024-2025

## Aðalstjórn

| | |
|---|---|
| Formaður: Bjarni Þórhallsson | Eitt ár |
| Varaformaður: Jón Steindór Árnason | Seinna ár |
| Ritari: Sigurður Skúli Eyjólfsson | Seinna ár |
| Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir | Fyrra ár |
| Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir | Fyrra ár |

**Varamenn í stjórn**

| | |
|---|---|
| Finnur Bessi Sigurðsson | Eitt ár |
| Vigfús Ingi Hauksson | Eitt ár |

**Vallarnefnd (GSÍ)**
Heimir Jóhannsson
Tryggvi Gunnarsosn
Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Steindór Árnason
Arnar Árnason

**Barna- og unglinganefnd**
Védís Birgisdóttir
Jón Arnar Emilsson
Birna Málmfríður Guðmundsdóttir
Agnes Harpa Jóasvinsdóttir
Steinunn Kristín Bjarnadóttir
Elías Einar Guðmundsson
Konráð Vestmann Þorsteinsson

**Kappleikjanefnd (GSÍ)**
Jón Heiðar Sigurðsson
Óskar Jensson
Magnús Finnsson

**Arctic Open nefnd**
Halla Sif Svavarsdóttir
Eygló Birgisdóttir
Jón Heiðar Sigurðsson

**Aganefnd (GSÍ)**
Björn Axelsson
Eiður Stefánsson
Stefán Jónsson

**Nýliðanefnd**
Heiðar Davíð Bragason
Ólafur Auðunn Gylfason

**Forgjafarnefnd (GSÍ)**
Jón Heiðar Sigurðsson
Tryggvi Jóhannsson

**Kvennanefnd**
Kristín Jóhannsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Guðrún Gíslason
Hanna Magnúsdóttir
Guðný Björg Jensdóttir
Kristín Hilmarsdóttir

**Skoðunarmenn ársreikninga**
Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

# REKSTRARTÖLUR GA






**SKÝRSLA FORMANNS**

Mig langar að byrja þessa skýrslu á að minnast látinna félaga okkar sem létu lífið frá síðasta aðalfundi klúbbsins en það eru Gísli Bragi Hjartarsson, fyrverandi formaður og heiðursfélagi sem lést 21. janúar, Rúnar Tavesen lést í febrúar, Jón Snorrason lést í apríl, Súsana Möller lést í júlí og Ólafur Þorsteinn Ólafsson lést í september.

Kæru GA félagar nú er 90. starfsárinu að ljúka og við getum öll sagt að afmælisbarninu heilsast bara nokkuð vel. Við stóðum fyrir afmælisveislu á miðju sumri, nálgt þeim tíma þegar undirbúningsnefnd vegna stofnunar GA var mynduð. Í afmælisveisluna sótti okkur heim fjöldi gesta og að öðrum ólöstuðum, var það okkur mikill heiður að forseti Golfsambandsins heiðraði okkur með komu sinni.

Mig langar þakka öllu samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum, veitingamanninum okkar og öllum þeim fjölda sem lagt hafa mikla vinnu á sig fyrir félagið sitt. Mig langar að þakka þeim, ásamt félagsmönnum öllum fyrir gott samstarf á starfsárinu. Mig langar þó sérstaklega að nefna þá sem unnu mikið og óeigingjarnt starf hér og byggðu á árinu upp heila golfverslun ásamt því að hafa unnið að nýbyggingunni síðan í fyrravetur ásamt ýmsu tilfallandi viðhaldi. Þvi að það er svo langt frá því að það sé sjálfgefið að félagsmenn leggi alla þessa vinnu á sig fyrir félagið sem þeir eru í.

Á árinu var haldið áfram að byggja upp hér og erum við farin að sjá árangur í mun fleiri ungum kylfingum í starfi félagsins. Mér mikil ánægja að segja frá því að nú í lok starfsárs hefur þessi hópur haldið áfram að stækka. Það eru nú fleiri ungir kylfingar í félaginu og það er mjög ánægjulegt að finna þann velvilja sem eldri kylfingar sýna þeim, hvort heldur sem það er á vellinum eða í æfingaaðstöðu félagsins.

Til okkar komu fleiri gestir en árið á undan og má að einhverju leiti þakka góðu orði sem komið er á völlinn. Ég verð að viðurkenna að það kom mér á óvart þar sem lang stærstur hluti rástíma er bókaður af félagsmönnum 5 daga fram í tíman. Um sumarsð má segja að það byrjaði vel og það má segja að völurinn verði alltaf betri með hverju árinu. Við áætlum að tekjur af íslenska ferðamanninum hafi verið nokkrir tugir milljóna í sumar. Og enn og aftur kom það okkur á óvart hversu margir komu í stóru mótin okkar, en GA var á árinu með 2 af 5 fjölmennustu mótum landsins. Þetta var sérstaklega ánægjulegt og vona ég að öllum sem lögðu leið sína til Akureyrar þetta sumarið hafi farið héðan með góðar minningar í huga og bjóðum við allt þetta fólk velkomið aftur. Þetta gerir okkur kleift að halda áfram með uppbyggingu hér á vellinum.

Áfram var haldið vinnu við að bæta völlinn og þar má sérstaklega nefna að áfram var haldið vinnu við brautir til að bæta þær. Þá sérstaklega uppbyggingu á  nýjum teigum á 3. Braut, og vonum við að með þeirri breytingu verði nágranar okkar austan við brautina fyrir minna ónæði af boltum. Í haust var síðan farið í að gera lagfæringar á 5 braut.  Og halda áfram að endurbyggjaa fleiri teiga og mun sú vinna halda um áfram á komandi árum.

Mótahald sumarsins gekk mjög vel og hélt GA Íslandsmót í sveitakeppni golfklúbb, og tók GA þátt í því. Mótið tókst mjög vel og gerðu bæði keppendur og GSÍ mjög góðan róm að öllu því starfi sem hér hefur verið unnið og ekki má gleyma þeirri auglýsingu fyrir svæðið allt sem svona mót búa til.

Önnur stór mót sumarsins gengu mjög vel og fengum við mjög ánægjulegt hrós frá þátttakendum í þeim, bæði fyrir umgjörð og völlinn. Akureyrarmótið í golfi var haldið snemma í júlí og Akureyrarmeistarar voru þau Lilja Maren Jónsdóttir og Víðir Steinar Tómasson og óskum við þeim innilega til hamingju.

Sá stóri áfangi að nást að byggja æfinga húsnæði og var húsið vígt í desember síðastliðnum. Þökkum við öllum sem komið hafa að þesari byggingu kærlega fyrir alla þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í það. Þessar miklu byggingar sem nú eru að klárast væru ekki byggðar mema fyrir alla þá miklu hjálp sem við höfum fengið og það er eiginlega ótrúlegt hversu mikið fjöldi aðila er búinn að gera fyrir okkur. Og næsta vor verður vonandi búið að klára andyri og umhverfi hússins að mestu. Þar er samt eftir þó nokkuð af vinnu og var okkar vaski sjálfboðaliða hópur mættur til starfa

Þetta er samt mikilvægt og langar mig að nefna að þó að það hafi orðið mikil fjölgun í félaginu þá megum við reikna með áfrmhaldandi aukningu. Þess vegna verðum við að hugsa bæði um hvenig við nýtum rástíma sem best og hvenig við reynum að gera öllum jafnt undir höfði að komast í golf hér á sumrin. Í dag stefnir í að félagið fari yfir 1200 á næsta ári og við mundum gera allt sem við getum til að tryggja að rástímar verði til staðar fyrir alla félagsmenn. Og síðan þarf umræða að vera um hversu margir eiga að vera í GA, en það er umræða fyrir næsta ár.

Að lokum, vona ég að veturinn leiki við okku, góður, jafnt mannfólki sem golfvöllum, og við sjáumst úti á velli eftir rúma fjóra mánuði.  Þakka ég ykkur öllum fyrir liðið starfsár og sérstakar þakkir til starfsmanna sem unnu virkilega gott starf fyrir okkur á árinu sem er að klárast.

**Bjarni Þórhallsson, formaður.**

# GA félagatal






# Skýrsla Jaðarsvallar

Veturinn 2024/2025 var okkur frekar hagstæður og töluvert um hlákur sem hjálpuðu okkur að losna við snjó og klaka á golfvellinum okkar. Starfsmenn unnu dyggilega við að fylgjast með stöðu mála úti á velli.

Í apríl var kláruð uppsetning á Trackman Range í Klöppum og gekk það allt ótrúlega vel. Kylfingar hófu því notkun á þeim búnaði þann 18.apríl.

Jaðarsvöllur opnaði 12.maí við flottar aðstæður og mikil var eftirvæntingin þar sem alls voru 397 rástímar bókaðir strax fyrsta dag.

Eins og segir hér að ofan var veturinn frekar mildur og voru vetrarmánuðir heldur hlýrri en á meðalári. Í Maí var svo meðalhitinn 10.1stig sem er 3.9stigum yfir meðalári, maí var hlýjasti Maí síðustu 145 árin.

Júní var svo rétt undir meðalári í hita en þá kom júlí og hann var sá besti frá upphafi mælinga (1881) en hann gaf okkur meðalhita upp á 13.5stig sem er 2.3stigum yfir meðallagi.

Úrkoman í júní var 65.3mm sem er meira en þreföld meðalúrkoma og aðeins tvisvar áður hefur mælst meiri úrkoma á Akureyri í júní. Það má því segja að með aukinni úrkomu á sumrin hafa gæði vallarins risið einnig enda mikilvægur þáttur í ræktun grassvæða.

Ágúst var 1.2 stigum yfir meðallári, alls var meðlahitinn 12stig og úrkoman var langt undir meðalúrkomu eða einungis 46% af meðalúrkomu. September heldur betur rétti úr úrkomu meðaltali enda gaf hann okkur 45% umfram meðalúrkomu septebermánaðar.

Jaðarsvöllur leit afar vel út í sumar og hafa kylfingar sem sótt hafa Jaðar, heimamenn sem og aðrir gestir aldrei verið jafn ánægðir með völlinn líkt og í ár. Völlurinn hefur aldrei verið jafn mikið spilaður en alls voru rúmlega 37.000 hringir spilaðir. Það er ljóst að samhliða því birtast gríðarlagar áskoranir að halda vellinum í góðu ásigkomulagi og reyna sporna við álagsskemmdum. Fór því mikil vinna vallarstarfsmanna í að reyna lágmarka skemmdir af völdum álags. Ýmislegt hefur verið gert til þess og heilt yfir tekist vel til þó alltaf sé stefnan sett á meiri árangur í þeim málum. Umferðarstjórnun ásamt breytingum sem fela í sér minniháttar framkvæmdir er mikilvægur þáttur í því.

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar
Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér framúrskarandi þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra og vel útbúinna bíla í öllum stærðarflokkum.
Bílaleigubílar heima og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

# SKÝRSLA ARCTIC OPEN NEFNDAR

Arctic Open mótið fór fram dagana 19.-21. júní og má sjá nefndarmeðlimi hér fremst í skýrslunni. Helstu samstarfsaðilar mótsins voru Icelandair, Skógarböðin og FootJoy á Íslandi. Við hjá GA viljum þakka þessum sérstaklega fyrir stuðninginn ásamt öðrum samstarfs- og styrktaraðilum. Alls voru 280 þátttakendur í Arctic Open í ár og varð orðið uppselt í mótið fljótlega eftir mótið 2024. Veðrið á keppnisdögunum í ár var eins og svart og hvítt en á fimmtudeginum rigndi frá 22:00-5:00 þegar síðustu menn komu inn en seinni nóttin skartaði sinni fegurstu miðnætursól og voru keppendur gríðarlega ánægðir með það og stóðu með myndavélarnar á lofti til að fanga fallegu sólina. Í ár voru 36 erlendir kylfingar á mótinu og komu þeir frá Bandaríkjunum, Danmörku, Englandi, Kanada, Noregi, Skotlandi, Wales og Þýskalandi. Völlurinn var í gríðarlega flottu ástandi á meðan móti stóð, eins og í allt sumar, og eiga vallarstafsmenn hrós skilið fyrir sinn þátt í því.

Opnunarhátíð mótsins var eins og árið á undan á fimmtudegi og var mikið um kylfinga upp í golfskála þegar opnunarhátíðin hófst klukkan 10:30. Boðið var upp á smáréttí frá Jaðar Bistro og drykki og mættu um 100 keppendur og nutu vel. Vel reyndist að afhenda mótsgjafir í inniaðstöðunni okkar og rúmaðist opnunarhátíðin vel. Á lokahófinu var síðan gríðarlega mikil stemming en Sandra Barilli  sá um veislustjórn og síðan kom dúó-ið Sjeiri og Jón og tóku nokkur frábær lög og var gleðin við völd um kvöldið.

Líkt og undanfarin ár var keppt í fjórum flokkum en það eru opinn flokkur án forgjafar, með forgjöf, konur án forgjafar og 55 ára og eldri án forgjafar. Finnur Mar Ragnarsson varð Arctic Open meistari 2025 með 81 punkt en mikil spenna var um sigurinn og varð Valgeir Bergmann Magnússon jafn Finni með 81 punkt en var með færri punkta seinni daginn og þurfti því að láta sér annað sætið nægja. Í þriðja sæti var síðan Halldór Guðmann Karlsson með 78 punkta. Ingi Steinar Ellertsson vann höggleikinn á 145 höggum og Guðmundur Sigurjónsson vann höggleik 55 ára og eldri á 156 höggum. Það var hún Anna Jódís Sigurbergsdóttir sem vann höggleik kvenna á 165 höggum en þetta var þriðja árið í röð sem hún vinnur mótið og í sjötta sinn á síðustu sjö árum.

Arctic Open nefndin vill þakka fyrir mótið í ár og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hjálpuðu til við að hafa mótið eins glæsilegt og það var en töluverð vinna liggur á baki að halda mót af þessari stærðargráðu. Starfsfólk GA leggur mikinn metnað og tíma í vinnu á bakvið mótið og er alltaf jafn gaman í mótslok þega rmótið lukkast vel. Við hlökkum til Arctic Open 2026 en nú þegar er uppselt í mótið sem markar einmitt 40 ára afmæli Arctic Open mótsins. Von er á fjölda erlendra kylfinga í mótið og hlökkum við til að taka á móti þeim og öðrum gestum í júní 2026.

**SKÝRSLA KVENNANEFNDAR**

Síðustu ár hefur áhugi á golfíþróttinni aukist mikið og ánægjulegt að sjá þá miklu fjölgun kvenna sem stundar íþróttina undir merkjum Golfklúbbs Akureyrar. Kvennanefndin stendur fyrir nokkrum viðburðum yfir sumarið en í stjórn nefndarinnar eru sex konur. Þrjár konur koma inn í stjórn á hverju ári og situr hver þeirra í tvö ár í senn. Í stjórn frá fyrra árinu eru þær Guðný Björg Jensdóttir, Hanna Magnúsdóttir og Kristín Hilmarsdóttir en á þessu ári komu nýjar inn Hulda Hafsteinsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Kristín Jóhannsdóttir. Guðrún Sigurðardóttir, Lísbet Hannesdóttir og Ragnheiður Júlíusdóttir fóru úr stjórninni og er þeim þakkað samstarfið.

Fyrsta kvennaspil sumarsins var haldið 10. júní. Þá var spilað “vön/óvön” með Texas Scramble fyrirkomulagi. Þá eru þær sem eru vanar að spila golf paraðar saman með óvönum. Markmiðið er að leiðbeina þeim sem lítið hafa spilað varðandi grunnreglur golfsins og hvernig á að umgangast völlinn. Í ár breyttum við aðeins út af venjunni og áttum samverustund í skálanum fyrir spilið og gæddum okkur þá á gómsætri súpu frá Jaðar Bistro. Það mæltist vel fyrir en áður en haldið var út á völlinn fengu allar konurnar góða teiggjöf.

Næst var það Hatta- og pilsamótið, eitt skemmtilegasta mót sumarsins. Þetta mót hefur verið árviss viðburður til fjölda ára. Þá klæðum við okkur upp og eigum að móti loknu skemmtilega stund saman í skálanum. Við spiluðum seinni 9 holur vallarins en ræst var út af öllum teigum á sama tíma. Keppnisfyrirkomulagið var punktamót með forgjöf og veitt voru glæsileg verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, nándarverðlaun á par 3 holum og lengsta upphafshögg á 10. braut. Auk þess var dregið úr skorkortum og var almenn ánægja með hvernig til tókst og ekki skemmdi fyrir að maturinn sem var töfraður fram af Jaðar Bistro var frábær.

Haustmót var einnig á sínum stað en það var að þessu sinni haldið í frekar köldu veðri á Katlavelli á Húsavík. Konurnar létu veðrið ekki stoppa sig og var mótið hið skemmtilegasta. Ræst var út af öllum teigum á sama tíma sem er alltaf skemmtilegasta fyrirkomulagið þannig að allar konurnar klári mótið á svipuðum tíma. Eftir mótið var verðlaunaafhending og matur í skálanum á Húsavík.

Í byrjun næsta árs stefnum við síðan að því að vera með nýjan viðburð, kynningu og kennslu á golfhermum fyrir konur. Vonandi verður jafn góð þátttaka í þeim viðburði og öðrum sem við höfum staðið að.

Starfsfólki þökkum við gott samstarf á árinu sem er að líða og hlökkum til komandi golfsumars.

Kvennanefnd GA.

ICELANDAIR

# Stoltur styrktaraðili

Við erum stolt af því að styrkja
Golfklúbb Akureyrar og Arctic Open

# SKÝRSLA KAPPLEIKJANEFNDAR

Mótahald sumarsins 2025 gekk vel og var góður fjöldi af keppendum sem tók þátt í golfmótum á vegum GA í sumar. Fjöldi mótshringja í ár var 4.073 sem sem er það þriðja mesta frá því að talningar hófust 2014. Opnunarmót Jaðarsvallar var haldið 1. júní og tóku 47 kylfingar þátt í því. Völlurinn kom mjög vel undan vetri og var tilbúinn til keppni fyrr en árið á undan. Síðasta mót sumarsins var svo hið bráðskemmtilega Greenkeepers Revenge sem haldið var þann 08. september í fyrsta sinn í langan tíma á Jaðarsvelli og tókst gríðarlega vel en 139 keppendur voru skráðir til leiks. Bændaglíma GA var haldin 6. september og fór bláa liðið með sigur af hólmi undir handleiðslu Egils Heinesen og var mikil gleði með mótið í ár.

Arctic Open mótið var á sínum stað í júní og voru keppendur þar 280 en uppselt er í mótið á næsta ári, nánar má lesa um Arctic Open mótið í skýrslu Arctic Open nefndar.

Akureyrarmótið var haldið í byrjun júlí og voru 148 keppendur skráðir til leiks sem er töluvert meira en undanfarin ár. Víðir Steinar Tómasson sigraði í karlaflokki eftir harða barátttu við Val Snæ Guðmundsson en var þetta í annað sinn sem Víðir vinnur titilinn. Þá varð Lilja Maren Jónsdóttir klúbbmeistari kvenna í fyrsta sinn en hún vann öruggan sigur í kvennaflokki. Þess má til gamans geta að bæði faðir Lilju, Jón Steindór, og afi hennar, Árni Jónsson hafa orðið klúbbmeistarar GA en það gerðu þeir árið 1975 og 2005.

Golfklúbbur Akureyrar hélt Íslandsmót golfklúbba efstu deild kvenna í lok júlí en undanfarin tvö ár höfum við haldið efstu deild karla á Jaðarsvelli. Það var frábært að taka á móti bestu kvenkylfingum landsins og gaman að sjá sveitina okkar blómstra á heimavelli og enda í 4. sæti. Stelpurnar voru hársbreidd frá því að fara í úrslitaleikinn en svo sannarlega flottur árangur hjá þeim.

Eins og svo oft áður voru mörg stórmótin haldin þegar líða tók á sumarið og má þar helst nefna Icewear bombuna, Hjóna- og parakeppni Icelandair og GA, Höldur Open x Skógarböðin og Opna FJ/Titleist mótið. Eins og í fyrra voru kylfingar yfir 200 í þremur af þessum mótum eða 228 í Icewear bombunni, sem er metþáttaka og 212 bæði í Hjóna- og parakeppninni og Höldur Open x Skógarböðin.  Marka þessi mót alltaf vissan hápunkt í mótahaldi GA ár hvert og er mikil tilhlökkun hjá fólki fyrir þessum mótum.

Leikið var í bongóblíðu á Höldur Open x Skógarböðin eins og í mörgum mótum hjá okkur í sumar en veðrið í ár var með besta móti sem ýtti fólki enn fremur út á golfvöll til að taka þátt í golfmótum í góðum félagsskap.

Í september tóku boðsmótin við eins og undanfarin ár en þau eru haldin fyrir fyrirtæki sem styrkja starf okkar í GA og gengu mótin mjög vel. Þá héldu einnig körfuknattleiksdeild Þórs og handknattleiksdeild KA sín styrktarmót þar sem spilað var Texas Scramble golf. Einnig var eins og áður hefur komið fram hið bráðskemmtilega Greenkeepers Revenge golfmótið sem var fjölmennasta golfmótið í september.

Við hjá Golfklúbbi Akureyrar erum gríðarlega stolt af mótahaldi okkar og höfum við undanfarin ár getað státað okkur af því að halda mörg af fjölmennustu og eftirsóknarmestu golfmótum landsins. Ár eftir ár er uppselt í fjölmörg mót hjá okkur eins og Arctic Open, Hjóna- og parakeppnina, Höldur Open og nú síðast í Icewear bombuna.  Það er ekki sjálfsagt að halda svona stór og flott mót og ekki væri það hægt nema með stuðning þeirra fjölmörgu styrktaraðila og sjálfboðaliða sem leggja lóð sín á vogarskálar mótahalds GA og þökkum við þeir kærlega fyrir. Komin eru drög af mótaskrá 2026 og er ljóst að það verður ekkert gefið eftir í mótahaldi á Jaðarsvelli og stefnum við að sjálfsögðu á að Jaðarsvöllur haldi sessi sínum sem einn vinsælasti og flottasti keppnisvöllur landsins.

# Tölfræði mótshringja






# Úrslit úr Akureyrarmóti 2025

| Meistaraflokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Víðir Steinar Tómasson | 78 | 72 | 73 | 71 | 294 |
| Valur Snær Guðmundsson | 71 | 74 | 73 | 77 | 295 |
| Tumi Hrafn Kúld | 78 | 74 | 75 | 71 | 298 |

| Meistaraflokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Lilja Maren Jónsdóttir | 82 | 77 | 72 | 83 | 314 |
| Kara Líf Antonsdóttir | 86 | 75 | 82 | 81 | 324 |
| Björk Hannesdóttir | 91 | 76 | 80 | 77 | 324 |

| 1. flokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Starkaður Sigurðarson | 82 | 78 | 77 | 76 | 313 |
| Jónatan Þór Magnússon | 81 | 81 | 77 | 80 | 319 |
| Finnur Bessi Finnsson | 84 | 83 | 85 | 81 | 333 |

| 1. flokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðríður Sveinsdóttir | 83 | 75 | 84 | 78 | 320 |
| Halla Berglind Arnarsdóttir | 86 | 87 | 81 | 86 | 340 |
| Ragnheiður Svava Björnsdóttir | 84 | 82 | 95 | 96 | 357 |

| 2. flokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Ingi Torfi Sverrisson | 85 | 85 | 82 | 84 | 336 |
| Baldvin Orri Smárason | 85 | 85 | 86 | 81 | 337 |
| Óskar Jensson | 83 | 88 | 78 | 91 | 340 |

| 2. flokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðrún Karítas Finnsdóttir | 96 | 92 | 105 | 93 | 386 |
| Birna Baldursdóttir | 103 | 95 | 102 | 96 | 396 |

| 3. flokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Kári Gíslason | 94 | 86 | 85 | 81 | 346 |
| Stefán Sigurður Hallgrímsson | 95 | 85 | 89 | 90 | 359 |
| Auðunn Aðalsteinn Víglundsson | 95 | 90 | 87 | 93 | 365 |

| 3. flokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bryndís Björnsdóttir | 100 | 104 | 108 | 312 |
| Karólína Birna Snorradóttir | 105 | 104 | 104 | 313 |
| Linda Rakel Jónsdóttir | 107 | 117 | 99 | 323 |

# Úrslit úr Akureyrarmóti 2025

| 4. flokkur karlar | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Gunnar Gunnarsson | 96 | 96 | 100 | 292 |
| Árni Rúnar Magnússon | 94 | 98 | 100 | 292 |
| Stefán Bjarni Gunnlaugsson | 92 | 101 | 101 | 294 |

| 4. flokkur konur | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sólveig María Árnadóttir | 99 | 104 | 106 | 309 |
| Þórunn Sigríður Sigurðardóttir | 109 | 104 | 104 | 317 |
| Páley Borgþórsdóttir | 105 | 109 | 105 | 319 |

| 5.flokkur karlar | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Friðrik Tryggvi Friðriksson | 109 | 111 | 112 | 332 |
| Ómar Pétursson | 118 | 120 | 114 | 352 |
| Magnús G Gunnarsson | 113 | 115 | 124 | 352 |

| Konur 50+ | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Guðrún Sigríður Steinsdóttir | 78 | 89 | 86 | 253 |
| Unnur Elva Hallsdóttir | 93 | 86 | 85 | 264 |
| Birgitta Guðjónsdóttir | 89 | 88 | 93 | 270 |

| Karlar 50 + | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Anton Ingi Þorsteinsson | 70 | 72 | 81 | 223 |
| Guðmundur Sigurjónsson | 78 | 75 | 74 | 227 |
| Jón Steindór Árnason | 75 | 75 | 78 | 228 |

| Karlar 70+ | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Birgir Ingvason | 77 | 75 | 80 | 232 |
| Heimir Jóhannsson | 86 | 81 | 76 | 243 |
| Guðmundur Gíslason | 97 | 92 | 84 | 263 |

| 14 ára og yngri | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Kristófer Áki Aðalsteinsson | 79 | 72 | 89 | 240 |
| Bjarki Þór Elíasson | 82 | 86 | 90 | 258 |
| Sesar Blær Gautason | 96 | 88 | 85 | 269 |

# SKÝRSLA ÞJÁLFARA

Við þjálfarar ætlum að stikla á stóru hér í þessari skýrslu á flottu keppnistímabili sumarið 2025.

**Unglingaflokkar**

Unglingar GA stóðu sig vel líkt og síðustu ár.

**Íslandsmótið í holukeppni**

Bryndís Eva Ágústsdóttir 1.sæti í 15-16 ára, Lilja Maren Jónsdóttir 4.sæti, Arnar Freyr 4.sæti í 15-16 ára.

**Íslandsmótið í höggleik**

14 ára og yngri piltar – Kristófer Áki Aðalsteinsson 3.sæti, Bjarki Þór Elíasson 20.sæti, Jóakim Elvin Sigvaldason 32.sæti

14 ára og yngri stúlkur – Embla Sigrún Arnsteinsdóttir 6.sæti.

15-16 ára piltar - Ágúst Már Þorvaldsson 6.sæti, Arnar Freyr Viðarsson 9-12.sæti, Egill Örn Jónsson 17 18.sæti, Patrekur Máni Ævarsson 20.sæti.

15-16 ára stúlkur - Bryndís Eva Ágústsdóttir 1.sæti, Björk Hannesdóttir 4-5.sæti, Lilja Maren Jónsdóttir 8.sæti.

17-18 ára piltar - Hafsteinn Thor Guðmundsson 5-7.sæti, Ragnar Orri Jónsson 12-13.sæti

**Stigalistar**

15-16 ára stúlkur – Bryndís Eva Ágústsdóttir stigameistari. Lilja Maren Jónsdóttir 4.sæti, Björk Hannesdóttir 11.sæti, Ragnheiður Svava Björnsdóttir 25.sæti.

15-16 ára piltar – Ágúst Már Þorvaldsson 6.sæti, Arnar Freyr Viðarsson 7.sæti, Egill Örn Jónsson 16.sæti, Patrekur Máni Ævarsson 18.sæti, Finnur Bessi Finnsson 27.sæti.

17-18 ára piltar – Hafsteinn Thor Guðmundsson 7.sæti, Ragnar Orri Jónsson 23.sæti

**Meistaraflokkur Kvenna**

Íslandsmótið í holukeppni – Andrea Ýr Ásmundsdóttir 3.sæti

Íslandsmótið í höggleik – Andrea Ýr Ásmundsdóttir 15.sæti og Lilja Maren 20.sæti

**Meistaraflokkur karla**

Íslandsmótið í holukeppni – Veigar Heiðarsson tapaði í 16 manna úrslitum.

Íslandsmótið í höggleik – Veigar Heiðarsson 3.sæti og Óskar Páll Valsson 32.sæti

Stigamót – Vormót GÞ – Tumi Hrafn Kúld 17-18.sæti

Hvaleyrarbikarinn – Veigar Heiðarsson 3.sæti

**Stigalistar GSÍ mótaraðarinnar**

Veigar Heiðarsson, 8.sæti Veigar Heiðarsson, hann tók þátt í 3 mótum af 6 á mótaröðinni.

Andrea Ýr Jónsdóttir 17.sæti, hún tók þátt í 2 mótum af 6 á mótaröðinni.

**Akureyrarmeistarar**

Akureyrarmeistarar í ár eru Víðir Steinar Tómasson og Lilja Maren Jónsdóttir

**Árangur þeirra liða sem kepptu fyrir hönd GA**

Öldungasveit karla 4.sæti í efstu deild

Öldungasveit kvenna 2.sæti í annarri deild

Karlasveit GA 4.sæti í efstu deild

Kvennasveit GA 4.sæti í efstu deild

15-16 ára piltasveit Íslandsmeistarar

15-16 ára stúlknasveit 3.sæti

17-18 ára piltasveit 3.sæti

14 ára og yngri 8.sæti

Þjálfarar GA þakka stjórn og framkvæmdarstjóra fyrir gott samstarf og stuðning á árinu sem er að líða. Einnig færum við skrifstofustjóra, verta og vallarstarfsmönnum þakkir fyrir gott samstarf.

Við viljum svo þakka félagsmönnum GA fyrir veittan skilning og stuðning gagnvart öllum þeim sem hjá okkur æfa. Það er mikils virði fyrir okkar kylfinga þegar félagsmenn okkar eru stoltir af þeirra árangri og hvetja þau áfram. Í GA er gott umhverfi til þess að alast upp sem kylfingur. Áfram GA.

# Fáðu tilboð í posa og netgreiðslur fyrir þinn rekstur

Færsluhirðing Landsbankans